

ættar, var hann skáld gott, eins og Haraldur konungur Sigurðarson. Er hann honum og að mörgu líkur, æfintfra og ástamaður mikill, hraustmenni og hugdjarfur og manna vopndjarfastur. Þó gat hann líka verið ljúfur og mildur, og bera sum kvæði hans vott um heitar og næmar tilfinningar. Í ljóðum Troubadouranna er jafnan blandað allmikilli ljettúð, og kemur það einnig fram í kvæðum hans sumum. Hann var af Helenar, konu Hinriks II. Englakonungs, móður Ríkarðar Ljónshjarta. Var hún hin mesta æfintfra kona er sögur geta um á 12. öld. Átti hún fyrst Hinrik VII. Frakka konung, en skildi við hann og giftist þá Hinriki II. Englakonungi, og var hann fullum tíu árum yngri en hún. Var sagt að aldurinn hefði aldrei gjört henni mein, því hún hefði haldið fegurð og hrifð alla er undir hennar áhrif fjellu, fram undir elliár.

Vilhjálmur IX., greifi í Poitiers og hertogi í Aquitaine, var fæddur 1071. Tæpra 15 ára tók hann við ríkjum. "Hann var snemma herskár, orðhagur, ástægjarn og ófyrirleitinn; en afburða kurteis og oft örlátur á fje, og með sprettum guðhræddur. Þó var hann ómjúkur prestum og kennilyð". Saga ein um það er til. Á fertugasta og þriðja ári Vilhjálms lagði biskupinn í Poitiers hann undir bann. Er biskup hóf bannfæringuna, dregur Vilhjálmur sverðið og hótar að höggva hann ef hann haldi áfram. Læst biskup þá ætla að nema staðar, en í stað þess hraðar af lestrinum. "Nú megið þjer höggva", segir hann, "því nú er jeg búinn". "Nei", svarar Vilhjálmur og slóðrar sverðið, "mjer er ekki svo kært til yðar, að jeg vilji senda yður til Paradísar".

Árið 1095 hefst fyrsta krossferðin. Af stórhertogum og aðli Suður-Evrópu var Vilhjálmur sá eini er ekki lét skipast við á eggjan Raymundar af Toulouse, og tók engan þátt í henni. En er sigufrjettin spurðist 1099 um að Jerúsalem væri tekin, og boðið var út öðrum leiðangri til hjálpar setuliði borgarinnar, gat Vilhjálmur ekki setið hjá. Snemma á árinu 1101 leggur hann af stað og kveður hann þá, með einu sinna fegurstu kvæða, höll og hirðskara, frændur og vini. Sonur hans var þá barn að aldri og óttast hann hversu honum muni farnast meðan hann er í burtu, og hrædist svikráð frænda og vina, ef honum sjálfum ekki auðnast